

1998 nr. 10 27. mars**Lög um kjaramál fiskimanna**

Tóku gildi 28. mars 1998, sjá þó 5. gr. *Breytt með* 1. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008).

■ **1. gr.** Efnisákvæði miðlunartillagna þeirra sem ríkissátta-
semjari lagði fram til lausnar kjaradeilum á fiskiskipaflot-
anum þann 16. mars 1998 og birt eru í fylgiskjölum I–IV
sem eru hluti af lögum þessum skulu frá gildistöku laga
þessara gilda um kaup og kjör fiskimanna í aðildarfélög-
um Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimanna-
sambands Íslands og aðildarfélögum Alþýðusambands Vest-
fjarða, svo og Vélstjórafélagi Íslands, Vélstjórafélagi Ísa-
fjarðar, Vélstjórafélagi Suðurnesja og Vélstjórafélagi Vest-
mannaeyja, með þeim breytingum sem fram koma í 2. gr.

■ **2. gr.** Séu færri menn á skipi sem stundar rækjuveiðar og
landar daglega eða ísar afla um borð en við er miðað í skipta-
kjaraákvæðum kjarasamninga varðandi þær veiðar skiptist
hlutur eða hlutir þeirra sem á vantar á milli þeirra sem á skip-

inu eru í réttu hlutfalli við skiptahlut þeirra.

□ Ferðir til veiða utan efnahagslögsögu Íslands úr stofnum
sem ekki eru íslenskir deilistofnar eru sérstakt kauptrygging-
artímabil og teljast því ekki til sama kauptryggingartímabils
og aðrar veiðar skips.

■ **3. gr.** Vinnustöðvanir þeirra aðila sem um ræðir í fylgi-
skjölum I–IV, svo og verkföll og verkbönn og aðrar aðgerð-
ir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög
þessi ákveða, eru óheimilar. Þó er aðilum heimilt að semja
um slíkar breytingar en eigi má knýja þær fram með vinnu-
stöðvun.

■ **4. gr.** [Brot gegn 3. gr. laganna varðar sektum ef ekki
liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.]¹⁾

¹⁾ L. 88/2008, 234. gr.

■ **5. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 15. febrúar
árið 2000. . . .

Fylgiskjal I–IV. . . .¹⁾

¹⁾ Um efni fylgiskjalanna vísast til *Stjtd. A 1998*, bls. 42–52.